

SBH 26.2.2012

1206227 - Álverið í Straumsvík, þynningarsvæði.

Lögð fram tillaga sviðsstjóra um að teknar verði upp viðræður við Alcan á Íslandi og Umhverfisstofnun um minnkun þynningarsvæðis álversins vegna bættra mengunarvarna í samræmi við skýrslu Hönnunar "Stækkun Ísal í Straumsvík. Mat á umhverfisáhrifum."

Fylgiskjöl:

[Dreifingarspá.pdf](#) -

[Mat á umhverfisáhrifum.pdf](#) -

SBH 22.1.2013

7. 1206227 - Álverið í Straumsvík, þynningarsvæði.

Tekin fyrir að nýju tillaga sviðsstjóra um að teknar verði upp viðræður við Alcan á Íslandi og Umhverfisstofnun um minnkun þynningarsvæðis álversins vegna bættra mengunarvarna í samræmi við skýrslu Hönnunar "Stækkun Ísal í Straumsvík. Mat á umhverfisáhrifum."

Fylgiskjöl:

[Álver drefin brennisteinstvíoxíðs.pdf](#) -

[Álver drefing flúoríðs.pdf](#) -

[Álver samsett drefing.pdf](#) -

[Mat á umhverfisáhrifum.pdf](#) -

SBH 1.7. 2014

13. 1206227 - Álverið í Straumsvík, þynningarsvæði.

Tekin fyrir að nýju tillaga sviðsstjóra um að teknar verði upp viðræður við Alcan á Íslandi og Umhverfisstofnun um minnkun þynningarsvæðis álversins vegna bættra mengunarvarna í samræmi við skýrslu Hönnunar "Stækkun Ísal í Straumsvík. Mat á umhverfisáhrifum." Skipulags- og byggingarráð fól sviðsstjóra að afla frekari upplýsinga hjá Alcan á Íslandi varðandi mengunarvarnir. Óskað hefur verið eftir fundi með fulltrúum Alcan.

Fylgiskjöl:

[Álver samsett drefing.pdf](#) -

SBH 7.8. 2014

10. 1206227 - Álverið í Straumsvík, þynningarsvæði.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir viðræðum sínum við fulltrúa Alcan á Íslandi. Lagðir fram minnispunktar af fundinum.

Fylgiskjöl:

[þynningarsvæði - erindi frá Hfj](#) -

Niðurstaða fundar:

Skipulags- og byggingarráð telur að með bættum mengunarvörnum megi minnka þynningarsvæði álversins, eins og fram kom í viðræðum við fulltrúa þess í sambandi við stækkunaráform 2006-7. Skipulags- og byggingarráð óskar því eftir formlegum viðræðum við fulltrúa álversins um að sent verði sameiginlegt erindi Alcan á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar til Umhverfisstofnunar um minnkun þynningarsvæðisins og hvaða undirbúningsvinna og upplýsingar þurfi að liggja fyrir áður en endaleg ákvörðun verði tekin.

Bæjarráð 26.2.2015

10. 1206227 - Álverið í Straumsvík, þynningarsvæði.

Teknar til umfjöllunar breytingar á þynningarsvæði álversins sbr. mál 1405454 á fundi bæjarráðs 12.2. sl.



Niðurstaða fundar:

Bæjarráð felur bæjarstjóra að taka upp viðræður við álverið um breytingu á núverandi þynningarsvæði.

Rio Tinto janúar 2007

26.01.2007

Þynningarsvæði álversins minnkað um 70%

Þynningarsvæði álversins í Straumsvík verður minnkað um 70% samhliða stækkun álversins, samkvæmt tillögu samráðshóps um deiliskipulag Straumsvíkursvæðisins sem kynnt var í vikunni. Niðurstaða þessa þverpólítíska samstarfshóps, sem fulltrúar Alcan sátu einnig í, er stórmerkileg enda er verulega komið til móts við sjónarmið þeirra sem telja áhrifsvæði álversins of stór og umhverfisáhrifin of mikil. Minnkun þynningarsvæðis og verulega auknar umhverfiskröfur eru verða að teljast líklegar til að sætta ólík sjónarmið um framtíðarnýtingu svæðisins.

Verkefni samráðshópsins var að fara yfir þá þætti sem lágu til grundvallar áður auglýstri deiliskipulagstillögu fyrir svæðið leiðir til að koma til móts við innsendar athugasemdir. Auk áðurnefndra breytinga hafa þjónustubyggingar sem áður var fyrirhugað að reisa Hafnarfjarðarmegin við verksmiðjuna hafa verið færðar svo þær verði minna sýnilegar og sjónrænu áhrifin verði í lágmarki.

Núverandi þynningarsvæði var skilgreint af Hollustuvernd ríkisins árið 1995. Síðan þá hefur gríðarleg þróun orðið í mengunarvörnum og vegna góðs árangurs Alcan í umhverfismálum hefur þynningarsvæðið fyrir núverandi starfsemi verið umtalsvert stærra en nauðsynlegt hefur verið. Með þann frábæra árangur í huga, stöðuga þróun á mengunarvarnarbúnaði og tæknilegum breytingum er hægt að verða við óskum um minna þynningarsvæði.